

Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði, þriðjudaginn 12. mars 2013 kl. 18:00

Mættir eru: Þorsteinn, Edda Kamilla, Svanbjört, Kristlaug, Þorgerður, Guðrún, Einar, Óskar.

Boðuð forföll: Kristín

Óskar setti fund númer 720.

Þorsteinn var fundarstjóri.

1. Félagsmálabikarinn  
Lesið var yfir starfsskýrslur aðildarfélaganna og síðan kosið um það hver fengi Félagsmálabikarinn sem fer til Hestamannafélagsins Hrings.
2. Íþróttamaður UMSE  
Stjórn þarf að stilla upp 10 einstaklingum í kjöri Íþróttamanns UMSE.  
Þorgerður vék af fundi á meðan þessari afgreiðslu stóð um tilnefningu um frjálsíþróttamann UMSE.  
Guðrún situr hjá við tilnefningu á frjálsíþróttamanni UMSE.

Einar yfirgaf fundinn

Tillaga kom fram um að tilnefna ekki neinn sundmann þar sem að ekki kom bein tillaga frá félagi að sundmanna ársins; tveir kusu með tillögunni. Þrír kusu að halda öðru nafninu inni. Var það var hlutkesti á milli tveggja nafna.

Ákveðið var að hafa ellefu til tólf einstaklinga í kjöri til íþróttamanns.

- I. Golfmaður 2012: Sigurður Ingvi Rögnvaldsson
- II. Hestamaður 2012: Agnar Snorri Stefánsson
- III. Knattspyrnumaður 2012: Bessi Víðisson
- IV. Tilnefnd af stjórn: Steinunn Erla Davíðsdóttir fyrir góðan árangur í frjálsum íþróttum
- V. Frjálsíþróttamaður 2012: Eir Starradóttir
- VI. Skíðamaður 2012: Jakob Helgi Bjarnason
- VII. Badmintonmaður 2012: Árni Kristjánsson
- VIII. Sundmaður 2012: Eva Hrönn Arnardóttir
- IX. Tilnefnd af stjórn: Anna Kristín Friðriksdóttir fyrir góðan árangur í hestaíþróttum
- X. Bridgemaður 2012:
- XI. Tilnefnd af stjórn: Sveinborg Katla Daniëlsdóttir fyrir góðan árangur í frjálsum íþróttum
- XII. Tilnefnd af stjórn: Guðbjörg Ósk Sveinsdóttir fyrir góðan árangur í frjálsum íþróttum.

Setja á á kjörseðilinn reglugerðina um kjör íþróttamannsins, hvernig stigagjöfin fer fram.

Svanbjört yfirgaf fundinn.

3. Viðurkenningar á þinginu  
Ákveðið var að kaupa handklæði sem að verða merkt UMSE, það ætti að vera komið í ferli. Pantar á blómin á morgun.  
Beðið var um tilnefningar af starfsmerki UMFÍ: Mögulegir kandidatar væru Sigríður Bjarnadóttir, Hólsgerði fyrir frábært starf í uppbyggingu á unglingsstarfi hjá Hestamannafélaginu Funa.  
Starfsmerki UMSE: Starri Heiðmarsson fyrir ötullegt starf og uppbyggingu á

Þorvaldsdalsskokkinu. Birkir Stefánsson fyrir gott starf í innan UMSE. Sigríður Bjarnadóttir fyrir ötullegt starf í þágu félagsins.

4. Staða á þing undirbúningi.

Óskar er búinn að vera í sambandi við kvenfélagið, keypt verður matarmikil súpa og brauð í hádeginu á 1800.- kr og léttar kaffiveitingar á 1200.- kr. Kvenfélagið ætlar einnig að sjá um að kaffi og vatn verði til á staðnum á meðan þingi stendur.

Guðrún yfirgaf fundinn.

5. Önnur mál

- a. Bréf frá UMFÍ – vegna breytinganna á framkvæmdarstjórn sem framkvæmd var á fundi í byrjun febrúar.

Fundi slitið 21:30

---

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

---

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður